

Fundur 5.5.2025 Rómverskur hermaður Marcellius var uppi 200 f. Krist.

Góða kvöldið, sælt veri fólkið, komið þið blessuð og sæl.

*Já góða kvödið.*

Heilsa ég ykkur og gleður það okkur að komast í sambandið, já eru það margir sem reyndu að hindra að mannkyn okkar fengi að ljá upplýsingar öðrum og koma þessum upplýsingum til skila, og hefur gengið misvel að komast í samband við hnettina og frumlífs jarðirnar eru þess eðlis að um þá er oft skjöldur vanþekkingar.

Og þegar við höfum fengið samband við gamla hnöttinn, hefur þar ævinlega mætt okkur það viðmót að við séum andar, en ekki líkamlegar verur, og er það okkur erfitt.

En já, ég hef nú aftur horfið til garðyrkju og jarðvinnslu og bóndastarfa, yrki jörðina og sái korni og tek upp korn, eins og ég gerði á gömlu jörðinni.

Hef ég greitt það háu gjaldi að vasast í stjórnámálum og stríðsrekstri á framlífs jörðum mínum, og stefni nú upp á við aftur og vil ég samstillast og fyllast af friði og kærleika eins og áður fyrr.

Og já, oft hef ég reynt að tala við fólkið á gömlu jörðinni, en halda þau að ég sé andi, en er það nú ekki svo.

Og ég hef persónulega þurft að endurnýja mitt karma og hreinsa það af syndum mínum í fortíðinni og þeim störfum sem ég gegndi, og leynireglum og þjóð mín hefur þurft að gjalda fyrir það sem hún gerði og sömuleiðis leynihópar sem ég tilheyrði, og hef ég á mörgum helstefnu jörðum framlífsins verið.

Og hef ég nokkrum sinnum verið á framlífs brautinni og hef ég nú um lengra skeið verið á framlífs brautinni en áður, og vona að ég falli ekki aftur niður í ódyggðugt líferni og breytni sem ekki er stjórnendum alheimsins að skapi.

Og vil ég fyrst frá því segja að ég var hermaður í Róm og var ég einnig meðlimur í leynifélögum, og í framlífi mínu hélt það áfram og á fleiri framlífs hnöttum, og fékk ég þar ýmsar upplýsingar hvað væri að gerast á frumlífs jörðinni okkar gömlu og naut ég þess um skeið að eflast af völdum og tign og fjármunum.

En fóru þó að renna á mig tvær grímur, þegar menn sem ég þekkti höfðu sölgað undir sig svo mikil völd, að ég fór að efast um að það væri réttlátt, og kom það fram á næstu framlífs jörðum að versnaði framferði þeirra mjög og urðu þá helstefnu hnettir.

Og fór ég þá að snúa við blaðinu, en ekki gekk það þrautalaust og gekk það erfiðlega, en tókst það þó að lokum.

Og féll ég aftur í freistni, verri breytni en er kominn aftur og hef verið á þremur framlífs jörðum á framfara brautinni, og er hér sólskin eðlilegt og sólarupprás eins og á gömlu jörðinni.

Mætti óska mér til hamingju með það og

*Verið í birtunni ?*

Já, venjulegri náttúrufari dags og nætur, en ekki í eilífri birtu eða myrkri eins og áður, vildi ég segja frá því, að þegar ég var á öðrum og þriðja framlífs hnotti mínum, fékk ég veður af því, að Jahve hefði gert samninga við þjóð okkar, um að hún yrði drottari jarðarinnar, gegn því gjaldi að við styddum það að kirkjur hans risu í framtíðinni, og gekk það eftir.

Og gerði ég mér ekki grein fyrir því löngu seinna, hvað myndi af því hljóta og hélt ég áfram á framlífs braut, á framlífs jörðum mínum, í þeirri trú að það væri gott og rétt, en það varð ekki gott, að nokkrum framlífum liðnum.

Og lenti ég þá á helstefnu braut, þar sem kúgarar miklir voru, og átti ég erfitt með að losna úr þeim félagsskap og snúa baki við því lífern, en tókst það að lokum eins og ég hef sagt frá.

En frétti ég af því nýlega, að umbætur væru hafnar í rómversku kirkjunni í framlífi og nýr Páfi sem fluttist í framlífið, hafi ekki þegið öll þau helstefnu hlutverk, sem honum hafi boðist.

Og er þetta mikið áhugamál mitt, og þótt ég sé ekki lengur í þjónustu þeirrar stofnunar, þá reyni ég að verða að liði og skipta mér af þessum málum og segja frá hvernig þetta gekk fyrir sig.

Rómverskur hermaður Marcellius og starfaði fyrir kirkjuna lengi, og var ég uppi um 200 fyrir Krist og svo í framlífi síðar.

Já þakka ég fyrir mig, gat ég ágætlega sagt frá erindi mínu og ætla að reyna að stefna á framlífs brautina áfram.

Verið þið sæl og blessuð, þakka fyrir mig.

*Þakka þér fyrir og óska þér góðs gengis.*

Já takk.